

Aflmælingar og sýnataka í Kröflu 1980-20-10
- 24. Nokkur orð um afl holu KJ-9, og
orkuframleiðslu gufuhverfils Kröflu

Halldór Ármannsson, Trausti Hauksson

Greinargerð HÁ-TH-80/05

Aflmælingar og sýnataka í Kröflu 1980-10-20 - 24

1980-10-17 varð mikil aflaukning í Kröfluvirkjun. Ferð sú, sem hér er sagt frá, var farin til að kanna orsakir þessarar aukningar. Aflið hefur síðan dvínað smátt og smátt. Saga þessara breytinga er sýnd á meðfylgjandi mynd, þar sem einnig eru sýnd helstu atriði úr sögu þrepadalingar holu KJ-15, sem fram fór um sama leyti. Ekki verður séð, að sú dæling hafi haft bein áhrif á umræddar aflbreytingar.

Holur KJ-7, KJ-11, KJ-13 og KG-12 voru teknar út ein og ein í einu og aflmældar. Niðurstöður þeirra mælinga, ásamt breytingum á álestri megawattamælis í stöðvarhúsi eru skráðar í töflu I (sjá einnig mynd).

Hola KJ-14 var einnig aflmæld. Greinileg aflaukning hefur orðið í holu KG-12 (úr 3,7 í 6,3 kg/sek) og sennilega nokkur í holu KJ-9, sem ekki fékkst tekin út til mælinga.

Því þótti rétt að taka sýni til efnagreininga úr holum KJ-9 og KG-12. Einnig var tekið sýni úr holu KJ-7, þar sem fyrsta sýni úr henni eftir hreinsun (1980-10-13) var tekið tiltölulega skömmu eftir upphleypingu, og var því ekki víst, að það væri fullkomlega marktækt. Einkum þótti áhugavert að kanna, hvort enn væru engin merki um gamalkunnar járnútfellingar í vökva holunnar. Einnig var tekið sýni til greininga á gasstyrk, pH og natríumstyrk úr háþrýstiæð í stöðvarhúsi. Niðurstöður efnagreininga eru í töflu II, og hafa engar marktækar breytingar orðið á samsetningu, nema að kísilhiti hefur hækkað úr 272°C í 282°C í holu KJ-7 samfara aukningu varmainnihalds (úr 1899 kJ/kg 1980-10-06 í 2004 kJ/kg). Natríumstyrkur í gufu í háþrýstiæð er hærri en stundum áður, og jafngildir u.þ.b. 0,2% raka.

Klór hefur verið greint í sýnum úr holum KJ-13 og KJ-14, sem safnað var í sýnatökuferð 1980-10-10 - 15. Niðurstöður ásamt síðustu tölu um klórstyrk í holu KG-12, eru sýndar í töflu III. Kemur fram, að klórstyrkur þurrar gufu úr holu KJ-13 er áþekkur klórstyrk gufu úr holu KG-12.

Klórstyrkur vökva holu KJ-14 er hins vegar miklu minni, og má ólíklegt teljast, að skaðlegt magn af klóri verði í gufu þaðan, verði holan þurr.

1980-10-20 -24

Nokkur orð um afl holu KJ-9, og orkuframleiðslu gufuhverfils Kröflu-
virkjunar.

Erfitt er að meta afl holu KJ-9, þar sem óvissa ríkir um gufunotkun gufuhverfils virkjunarinnar í tómagangi (þ.e. áður en kemur að nettó rafmagnsframleiðslu). Nokkuð nærri má þó fara um afl hennar, ef mældur gasstyrkurur í rennsli hverrar holu og heildarrennsli hverrar holu er borið saman við mældan gasstyrk í háþrýstiæð.

Þá gildir

$$\frac{\sum G_{7n} \cdot Ga_n}{\sum G_{7n}} = Ga_s,$$

Þar sem G_{7n} : gufurennsli í holu n við 7 bar abs. Kg/sek

Ga_n : Gas í holu n, %

Ga_s : Gas í háþrýstiæð stöðvarhúss, %

Þar sem eina óþekkt stærðin í ofangreindri jöfnu er $G_{7 \text{ KJ-9}}$, er unnt að leysa jöfnuna fyrir hana. Eru þá notaðar tölur úr töflum I og II, ásamt nýlegum niðurstöðum um gasstyrk hola KJ-11 og KJ-13 ($Ga_{\text{KJ-11}} = 2,1\%$;
 $Ga_{\text{KJ-13}} : 1,2\%$, sbr greinargerð um sýnatökuferð 1980-10-10 - 15).

Fæst þá : Gufurennsli við 7 bar abs í holu KJ-9, 1980-10-21: 8,3 kg/sek. Sé sú tala rétt, hefur gufurennsli KJ-9 við 7 bar abs aukist um 0,9 kg/sek síðan 1980-09-16.

Með notkun talnanna um gufurennsli við 7 bar abs, og breytingar á aflframleiðslu í MW í töflu I, fæst, að til aukningar framleiðslu um 1 MW þarf 2,14 kg/sek af gufu við 7 bar abs.

1980-10-21 var framleiðsla virkjunarinnar 7,5 MW, og samanlagt gufurennsli nýtttra hola við 7 bar abs 24,8 kg/sek. Gufunotkun á hvert megawatt er í þeirri stöðu því 3,3 Kg/sek. Niðurstaða er því sú, að hola KG-12 hefur náð fyrra afli, og KJ-9 bætt töluverðu við sig við einhvern atburð, sem e.t.v. gæti verið tengdur umbrotum á svæðinu. Sennilegt má telja, að dvínunin hafi mikið til verið í holu KJ-9, en að hola KG-12 eigi e.t.v. eftir að halda e-u af aukningunni um tíma.

Halldór Ármannsson

Trausti Hauksson

Tafla I. Aflmælingar 1980-10-20 - 22

| Hola nr | Dags. | kl | Varma- innihald KJ/kg | Heildar- rennsli kg/s | Vatns- rennsli kg/s | Gufurensli við 7 bar abs kg/s | Aflbreyt- ing í M W |
|---------|------------|------------------|-----------------------------|-----------------------------|---------------------------|-------------------------------------|---------------------------|
| KJ-7 | 1980-10-20 | 16 ⁵⁵ | 2004 | 4,5 | 1,34 | 2,9 | 1,48 |
| KJ-11 | 1980-10-20 | 20 ³⁰ | 2025 | 4,8 | 1,40 | 3,1 | 1,55 |
| KG-12 | 1980-10-22 | 00 ⁰⁰ | 2887 | 6,3 | 0 | 6,3 | 2,80 |
| KJ-13 | 1980-10-20 | 23 ³⁰ | >2676 | 4,2 | 0 | 4,2 | 1,85 |
| KJ-14 | 1980-10-20 | 19 ⁴⁵ | 2571 | 16,9 | 0,79 | 15,3 | -- |


Tafla II. Helstu niðurstöður efnagreininga í Kröflu 1980-10-21 - 24

| Staður | Dags | pH vatns /°C | pH þéttrar gufu/°C | Gas % | Kísilhiti °C | Opalmettunar- þrýstingur við pH = 7 bar | Na í þéttri gufu mg/kg |
|---------------------------------|------------|--------------------|-----------------------|----------|-----------------|--|---------------------------------|
| KJ-7 | 1980-10-22 | 8,20/21 | 4,00/21 | 2,0 | 282 | 41,2 | |
| KJ-9 | 1980-10-21 | 9,23/23 | 3,97/23 | 0,5 | 250 | 4,5 | |
| KG-12 | 1980-10-21 | - | 2,82/23 | 1,7 | - | - | 0,17 |
| Stöðvar- hús há- þrýstiæð | 1980-10-22 | - | 3,96/24 | 1,3 | - | - | 0,34 |

Tafla III. Klórstyrkur í heildarrennsli nokkurra Kröfluhola

| Hola nr | KG-12 | KJ-13 | KJ-14 |
|----------|-------|-------|-------|
| Cl mg/kg | 48,7 | 52,2 | 3,6 |

Paper Nr. 403 R 23 e of A. Ott, Kempten (Bavaria) S.



MW
M
A. J. P.

Mynd Hólbrayngar í Þrófherstöðum 1980-10-16-27. Helstu viðburður meðal annars á liðunum 9, einhvern er dættur dölgröfarnir á hosa KJ-15

| | | | | | | | | | | | | | | | |
|-------------------|----------------|------------------|----------------|-------------------|----------------|------------------|----------------|-----------------|----------------|-------------------|----------------|--------------------|----------------|------------|----------------|
| 2 4 6 8 10 | 14 16 18 20 22 | 2 4 6 8 10 | 14 16 18 20 22 | 2 4 6 8 10 | 14 16 18 20 22 | 2 4 6 8 10 | 14 16 18 20 22 | 2 4 6 8 10 | 14 16 18 20 22 | 2 4 6 8 10 | 14 16 18 20 22 | 2 4 6 8 10 | 14 16 18 20 22 | 2 4 6 8 10 | 14 16 18 20 22 |
| Fimmtudagur 16/10 | | Föstudagur 17/10 | | Laugardagur 18/10 | | Sunnudagur 19/10 | | Mánudagur 20/10 | | Þriðjudagur 21/10 | | Miðvikudagur 22/10 | | | |